

Reglur

Þjónustusvæðis Suðurlands um málefni fatlaðs fólks um hæfingu, iðju, starfsþjálfun og aðstoð vegna atvinnu fyrir fatlað fólk

1.gr.

Markmið

Fatlað fólk skal njóta félagslegrar hæfingar og endurhæfingar í þeim tilgangi að draga úr áhrifum fötlunar og auka hæfni þess til starfa og þátttöku í daglegu lífi. Einnig skal aðstoða fatlað fólk við að finna störf við hæfi og veita því aðstoð við að sinna þeim á almennum vinnumarkaði. Til þess að ná þessum markmiðum er rekin vinnu- og hæfingarstöð á þjónustusvæðinu, sbr. 9.gr., 26.gr. og 30.gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks, reglugerð nr. 376/1996 um atvinnumál fatlaðra og 26.gr. og 27.gr. Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Ávallt skal leitast við að veita fólki þjónustu samkvæmt almennum lögum og úrræðum áður en gripið er til sértækra úrræða skv. reglum þessum.

2.gr.

Skipulag

Þjónustusvæði Suðurlands samanstendur af félagsþjónustu Sveitarfélagsins Árborgar, skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings og félagsþjónustu Rangárvalla og Vestur- Skaftafellssýslu. Starfrækt er hæfing, iðja og starfsþjálfun undir merki VISS vinnu- og hæfingarstöð. Atvinnufulltrúi aðstoðar einstaklinga við atvinnuleit á almennum vinnumarkaði og veitir umsækjendum og vinnuveitendum ráðgjöf. Allir íbúar með lögheimili á þjónustusvæðinu eiga rétt á að sækja um þjónustuna að uppfylltum viðmiðum skv. reglum þessum.

3.gr.

Rétt til þjónustu

Þjónustan er ætluð fólki 18-67 ára sem vegna fötlunar sinnar þarf sérstaka aðstoð við þátttöku á vinnumarkaði eða sérhæfð úrræði í hæfingu og iðju. Þjónusta er veitt á grundvelli einstaklingsbundins mats sem tekur mið af styrkleikum einstaklingsins og þörfum hans fyrir stuðning og þeim möguleikum sem finnast á hverjum stað.

4.gr.

Starfsstöðvar

Á Selfossi er rekin vinnu- og hæfingarstöð (VISS) og þar hefur atvinnufulltrúi fatlaðs fólks einnig aðsetur. Útibú frá VISS er rekið í Þorlákshöfn.

5.gr.

Samvinna

Lögð skal áhersla á samvinnu við Vinnumálastofnun, Virk-starfsendurhæfingu, Birtu-starfsendurhæfingu og vinnumarkaðsúrræði á vegum sveitarfélaganna.

6.gr.

Umsókn um þjónustu

Sótt er um þjónustuna hjá félagsþjónustu í lögheimilissveitarfélagi umsækjandans á þar til gerðu eyðublaði. Einnig getur umsækjandi sótt um þjónustuna beint hjá VISS. Umsókn er gild þegar umsækjandi hefur náð 18 ára aldri en heimilt er að sækja um undanþágu í sérhæfð úræði, þ.e hæfingu, iðju og starfsþjálfun fyrir 16-18 ára ungmenni. Umsókn er gild í 12 mánuði frá umsóknardegi.

7.gr.

Teymi fagfólks

Atvinnuteymi er starfrækt á VISS. Atvinnuteymið tekur umsóknir um þjónustuna til umfjöllunar, metur þörf einstaklingsins fyrir þjónustu í samráði við hann og afgreiðir umsóknirnar. Leita skal umsagnar hjá fagteymi þjónusturáðs í veigameiri málum. Atvinnuteymið metur sértæka þörf fyrir stuðning í samráði við umsækjanda eða aðstandanda hans. Niðurstöðuna skal kynna umsækjanda og skrá í fundargerð atvinnuteymisins sem send er fagteymi þjónusturáðs eigi síðar en viku eftir afgreiðslufund.

8.gr.

Mat og afgreiðsla

Þegar umsókn hefur verið móttokin skal boða umsækjanda og eftir atvikum aðstandanda/tengil í viðtal innan þriggja vikna til að afla frekari upplýsinga. Atvinnuteymið gerir mat á þörf umsækjandans fyrir sértækan stuðning til starfs og þátttöku og getur óskað eftir upplýsingum frá fagaaðilum eða viðurkenndum greiningaraðila ef þörf krefur. Að loknu mati er ákvörðun tekin um þjónustu og hvenær þjónusta getur hafist. Mat á sértækum stuðningi og afgreiðsla atvinnuteymis er kynnt umsækjanda formlega og send til félagsþjónustu lögheimilissveitarfélags umsækjanda. Sé sótt um aðstoð við atvinnuleit á almennum vinnumarkaði, skal liggja fyrir örorkumat umsækjanda og staðfesting á greiðslum frá Tryggingastofnun ríkisins. Sé umsókn hafnað hjá atvinnuteymi, skal ákvörðun rökstudd með skýrum hætti og umsækjanda bent á áfrýjunarrétt til félagsmála- eða velferðarnefndar.

9.gr.

Áfrýjun

Sé umsókn um þjónustu synjað, getur umsækjandi áfrýjað ákvörðun um afgreiðslu til félagsmála- eða velferðarnefndar lögheimilissveitarfélags og skal það gert innan fjögurra vikna frá því umsækjanda barst vitneskja um synjunina. Ákvörðun félagsmálanefndar/velferðarnefndar má áfrýja til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála í velferðarráðuneytinu og skal það gert innan þriggja mánaða frá því að umsækjanda barst vitneskja frá félagsmála-/ velferðarnefnd lögheimilissveitarfélags.

10.gr.

Heimild til ákvarðana samkvæmt reglum þessum

Atvinnuteymi VISS og fagteymi þjónusturáðs tekur ákvarðanir skv. reglum þessum í umboði þjónusturáðs Suðurlands.

11.gr.

Endurskoðun

Reglur þessar skulu endurskoðaðar eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti.

11.gr.

Gildistaka

Reglur þessar eru settar samkvæmt XI. kafla laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992.

Reglur þessar voru samþykktar 24.02 2014.